

Fundarnúmer:	81
Dagsetning:	12.11.2008
Tími:	16:30
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

81. fundur Menningar- og tómstundaráðs. Haldinn í Ráðhúsi Húnaþings vestra 12. Nóvember kl. 16:30

Mætt eru: Már Hermannsson, Sigrún Þórðardóttir, Sveinn Benónýsson og Pétur Arnarsson sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar

1. Endurskoðun á samningi við USVH. (Kynning)
2. Önnur mál

1. Anna María Elíasdóttir er mætt til fundarins fyrir hönd USVH til þess að fara yfir endurskoðun á samningi við Húnaþing Vestra. Farið yfir tímafjölda og nýtingu USVH á íþróttahúsi, gjaldtöku yngstu þátttakenda og auknu fjármagni sveitarfélagsins til íþrótt- og tómstundastarfs. Lagt fram til glöggvunar upplýsingar frá nokkrum sveitarfélögum hvaða fjármagn hvert þeirra setur í rekstur íþrótt- og æskulýðsstarfs. Anna María vék af fundi kl. 17.30.

Menningar og tómstundaráð styður heilshugar hugmyndir USVH um aukið fjármagn til íþrótt- og æskulýðsstarfs. Aðstæður í þjóðfélaginu kalla á aukna áherslu á starf með börnum og unglingum í forvarnaskyni.

2. Sveinn kynnti fund nefndarinnar þann 25. nóvember n.k. með stjórn félagsheimilisins varðandi fyrirhugaðan flutning félagsmiðstöðvarinnar Oríon í kjallara félagsheimilisins.

Fundi slitið k. 17:40.

Sigrún Þórðardóttir(sign.),
Már Hermannsson(sign.),
Pétur Arnarsson(sign.),
Sveinn Benónýsson(sign.).